

Fréttapistill frá forseta Íslands

30. nóvember 2020

Fátt var viðburða í síðustu viku. Þróun farsóttarinnar gerði að verkum að fundum var frestað eða þeir felldir niður, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Að sjálfsögðu er ekki hægt að ætlast til þess að öllu verði skellt í lás, svo slæmt er ástandið ekki. Á hinn bóginn kemur það okkur öllum til góða að fækka mannamótum þegar því verður komið við.

Einn viðburður, sem gaman hefði verið að sækja, stóð yfir núna um helgina í Kópavogi. Kvenfélagskonur tóku sig til og bökuðu saman til stuðnings við söfnun Kvenfélagasambands Íslands, Gjöf til allra kvenna. Ætlunin er að kaupa tæki og hugbúnað fyrir rafrænar tengingar um land allt við sérfræðinga kvennadeildar Landspítala. Baksturinn fór fram í samræmi við sóttvarnareglur og gekk víst vel. Nánari upplýsingar má sjá með því að fylgja slóðinni að neðan og ég hvet alla, sem á því að hafa tök, að styrkja þetta góða framtak:

<https://www.kvenfelag.is/.../570-%C3%A1heitabakstur-%C3...>

Að sama skapi hvet ég alla, sem eiga fé aflögu, að láta hjálparstofnanir njóta þess núna á aðventunni. Þannig má þakka forystusveit Kaupfélags Skagfirðinga fyrir þá rausn að færa Fjölskylduhjálpi Íslands 40.000 máltíðir í aðdraganda jóla. Einnig nefni ég hér söfnunarátak góðgerðarsamtakanna Samferða. Þar rennur allur ágóði óskiptur til þeirra sem á því þurfa að halda.

Síðastliðinn miðvikudag átti ég fjarfund með Gitanas Nauséda, forseta Litháens. Við ræddum um áhrif farsóttarinnar á líf, heilsu og efnahag fólks hér á landi og ytra. Smitum hefur fjölgað snarlega í Litháen að undanfögnu. Ég nefndi jafnframt að nú eru nær 6% íbúa Íslands af litháískum uppruna og hafi faraldurinn valdið því að ferðalög milli landa liggi nú víða niðri enda verði að varast að smit berist óheft milli landa. Við ræddum einnig mikilvægi alþjóðasamstarfs, ekki síst á vettvangi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja. Nauséda nefndi atbeina litháískra stjórnvalda til stuðnings lýðræðisöflum í Belarús (Hvíta-Rússlandi). Í ágúst á næsta ári verða 30 ár liðin frá því að Litháen, Lettland og Eistland endurheimtu sjálfstæði sitt eftir áratuga ok innan Sovétríkjanna. Þá tók Ísland upp stjórnmalasamband við löndin þrjú, fyrst ríkja á Vesturlöndum. Við Nauséda ræddum þessi tímamót og leiðir til að minnast þeirra þegar þar að kemur.

Á föstudaginn var fylgdi ég Guðfinnu Thorlacius, móðursystur minni, til grafar á Akureyri. Hún lést 22. nóvember á sjúkrahúsinu þar eftir skammvinn veikindi. Blessuð sé minning hennar.

Í nýliðinni viku gátum við fagnað góðum afrekum landa okkar í listum og íþróttum. Óskarsverðlaunahafinn Hildur Guðnadóttir var tilnefnd til tvennra Grammy-verðlauna og Sinfóníuhljómsveit Íslands fékk einnig tilnefningu. Þá vann kvennalandsliðið í knattspyrnu góðan sigur á liði Slóvaka og körfuboltalið karla stóð sig vel í sínum viðureignum.

Á morgun er fullveldisdagurinn. Venja er að fagna þeim tímamótum með ýmsum hætti en allt verður það með öðrum brag nú vegna farsóttarinnar og nauðsynlegra varna gegn henni. Ýmsir viðburðir, sem ég hefði sótt í venjulegu árferði, hafa verið felldir niður. Á móti kemur að ég flyt ávarp í Ríkissjónvarpinu að kvöldi dags. Þar mun ég meðal annars nefna nauðsyn frekari samstöðu og seiglu í samfélaginu. Sem fyrr hvet ég líka alla til að sinna eigin sóttvörnum, fylgjast með tilmælum hverju sinni og gera sitt til að auka ekki að óþörfu á vanda heilbrigðiskerfisins.

Nú í upphafi aðventunnar óska ég landsmönnum öllum velfarnaðar. Myndina af Bessastöðum, sem hér fylgir, tók Nanna Kristjánsdóttir í nýliðinni viku. Það birtir alltaf til.